

Íþróttir og tómstundir vetur 2023/2024

Eldri borgarar.

Stjórn félags eldri borgara mun hittast í lok ágúst eða byrjun sept og setja upp dagskrá fyrir veturinn, þau verða áfram með aðsetur í Rauða kross húsinu.

Gönguhópurinn Stormur gengur áfram á mánudögum og föstudögum.

Ekki komið fast hvort líkamsræktartímarnir verði 1 sinni eða 2 í viku og þá í samstarfi við Íþróttafélagið Undra, voru fyrst bara á miðvikudögum en svo var bætt við mánudögum seinasta vetur.

Samstarfs hittingar við Reykhóla og Hólmavík verða áfram, stefnt á 1 hitting í mánuði.

Félagsmiðstöð

Félagsmiðstöð verður áfram 1 sinni í viku bæði fyrir 5-7 bekk og 8-10 bekk, dagsetningar og tímasetningar ráðast þegar allar íþróttir og tómstundir eru komnar á hreint, þá kem ég þessu inn í töflu með sem minnstum árekstrum.

Gerir ráð fyrir að fá inn starfsmann með mér.

Gert ráð fyrir einu balli fram að áramótum, það er æskó ballið í Borgarnesi, er í seinnihlusta nóvember.

Samvest yfirleitt í febrúar, samfés í maí.

Samstarf við Reykhóla og Hólmavík verður áfram, eftir að útfæra hversu oft verður hist.

Íþróttir og tómstundir.

Glimufélagið, heyrði í Lóu, er að vinna í því hvernig glímuni verður háttáð í vetur. Líklegast 1 æfing í viku.

Skátafélagið Stígandi, heyrði í Þórey, gera ráð fyrir því að drekaskátar verði á þriðjudögum og aðra hverja viku fálka á móti drótt skátum.

Hestamannafélagið Glaður, heyrði í Valberg, hann segir að stefnt er á mót næstu helgi og svo sé yfirleitt stöpp fram í janúar, skoða að vera með námskeið þá.

Björgunarsveitin Ósk, heyrði í Kristjáni Inga, hann gerir ráð fyrir sama fyrirkomulagi og seinasta vetur, byrja mánaðarmót sept/okt. Verða aðra hverja viku.

Íþróttafélagið Undri, heyrði í Rúnu, þau eru á fullu að setja saman æfingarplan fyrir veturinn, gat staðfest við mig að fótbolti verður í Búðardal, körfubolti og íþróttagrunnur inn á Laugum, annað í vinnslu.

Unnið verður áfram í samvinnu og virk samtöl milli aðila til að hafa starfið sem skilvirkast og árekstra sem færsta.

Jón Egill/tómstundafulltrúi